

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Pálma Jónssonar, stofnanda Hagkaups.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Pálma Jónssonar. Hann var stofnaður hinn 1. desember 1991 af vandamönnum til minningar um Pálma Jónsson, Miðleiti 5, Reykjavík. Pálmi fæddist 3. júní 1923 og lést 4. apríl 1991. Sjóðnum hefur verið skipt upp og eru 2/5 hlutar minningarsjóðsins yfirfærðir til sjóðs þessa.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Minningarsjóðs Pálma Jónssonar að fjárhæð kr. 621.000. Stofnfé má ekki skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að vísindalegri rannsóknarstarfsemi, efla menningu, listir, umhverfisvernd og líknarstarfsemi með styrkveitingu til einstaklinga og félaga. Skal stjórn sjóðsins heimilt að veita árlega fé úr sjóðnum í ofangreindu skyni þegar hún sér ástæðu til.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og arður af fé sjóðsins, árleg framlög og aðrar tekjur.

6. gr.

Stjórnin ákveður fjárhæð styrks á hverjum tíma, en aldrei skal heimilt að rýra stofnfé sjóðsins með styrkveitingu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 2 menn skipaðir til ótiltekins tíma. Í upphafi skipa hana Lilja Pálmadóttir og Ingibjörg Pálmadóttir. Hverfi stjórnarmaður úr stjórninni skipar hann annan í sinn stað. Falli stjórnarmaður frá án þess að hafa skipað annan í sinn stað, skal stjórnarmaður skipaður af afkomendum hans eða maka hafi afkomendur ekki náð 25 ára aldri.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksárið.

9. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt þannig að hann nái sem best tilgangi sínum.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki dómsmálaráðherra.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskóla Íslands, Krabbameinsfélagsins og Hjartaverndar að jöfnu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. janúar 2006.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.